

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Vikugjöld í hverjum áhættuflokki skulu vera sem hér segir:

Áhættuflokkur	Iðgjöld kr. á viku
1.	kr. 22.00
2.	— 37.00
3.	— 73.00
4.	— 73.00
5.	— 87.00
6.	— 140.00
7.	— 202.00
8.	— 288.00
9.	— 389.00
10.	— 465.00

2. gr.

Í 3. málsgrein 4. gr. komi „5 700 krónur“ í stað „3 700 krónur“.

3. gr.

8. gr. orðist svo:

Fyrir öikumenn bifreiða skal vikugjald vera kr. 37.00 (2. áhættuflokkur).

Fyrir áhafnir flugvéla skal vikugjald vera kr. 288.00 (8. áhættuflokkur).

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Fyrir áhafnir skipa skal vikugjald vera sem hér segir:

Áhafnir róðrabáta og vélbáta undir 12 lestum kr. 288.00 (8. áhættuflokkur). Þó skal iðgjald af trillubátum aldrei vera lægra en kr. 5 000.00.

Áhafnir flutningaskipa 100 lesta og stærri kr. 389.00 (9. áhættuflokkur).

Áhafnir flutningaskipa undir 100 lestum en ekki undir 12 lestum kr. 465.00 (10. áhættuflokkur).

Áhafnir fiskiskipa 12 lesta og stærri kr. 465.00 (10. áhættuflokkur).

5. gr.

10. gr. orðist svo:

Áhættuiðgjald vegna slökkviliðsmanna, sem ekki eru fastráðnir, skal vera kr. 42.00 fyrir hverja kvaðningu, hvort sem er við æfingu eða slökkvistarf.

6. gr.

11. gr. orðist svo:

Föst ársiðgjöld skulu vera sem hér segir:

Vegna heimilisdráttarvélar	kr. 1 150.00
— rafstöðvar	— 590.00
— súgburrkunartækis	— 590.00
— heyblásara (saxblásara, heybyssu)	— 590.00
— bifhjóls	— 1 900.00
— reiðhjóls með hjálparvél	— 1 900.00

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 67 1971, um almannatryggingar, til að gilda frá 1. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 384 27. desember 1973 um breytingu á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 um iðgjald til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. desember 1974.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.